

Ed.

### 313. Breytingartillögur

[95. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 80 10. júlí 1973.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðanna „2. mgr. 11. gr. orðist þannig“ komi: Í stað 2. mgr. 11. gr. komi tvær mgr., sem orðist svo:
  - b. Eftir texta greinarinnar bætist ný mgr., svo hljóðandi:  
Hálfum hundraðshluta af tekjum samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar, nr. 79/1974, skal varið til rannsókna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.
2. Við 4. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Í stað orðanna „og bryggjum“ í d-lið komi: bryggjum, sjúkraflugvöllum og skipbrotsmannaskýlum.
3. Við 8. gr. Í stað 1. mgr. komi:  
1. mgr. 28. gr. orðist svo:  
Af tekjum vegamála samkv. lögum um fjáröflun til vegagerða skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, sem fjárlög eru samin. Frá því dregst þó mótframlag ríkissjóðs, sem þegar hefur verið greitt samkv. síðustu málsgr. þessarar greinar.
4. Við 10. gr. Aftan við greinina komi:  
Síðasti másl. 1. mgr. („Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir“), falli niður.
5. Við 11. gr. Aftan við greinina komi:  
Heimilt er að láta þetta ákvæði einnig ná til þéttbýlis með 100—200 íbúa.
6. Á eftir 13. gr. komi ný grein, sem orðist svo: Aftan við 59. gr. bætist ný mgr.:  
Vegagerðin skal leitast við að rykbinda þjóðvegi, þar sem þeir liggja um hlöð eða næsta nágrenni íbúðarhúsa, eftir því sem fé er veitt til á vegáætlun.
7. Við 15. gr. Fyrri mgr. orðist svo:  
Lög þessi öðlast þegar gildi.
8. Á eftir 15. gr. komi svofellt ákvæði til bráðabirgða:  
Á árinu 1975 skulu dagsetningar í 2. mgr. 21. gr. breytast þannig, að í stað 15. febrúar komi 15. apríl og í stað 1. mars komi 1. maí.